

Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis
Álfsnesi
116 Reykjavík

Selfossi, 2. janúar 2025
UST202412-094/K.B.B.
08.04

Efni: Áform um framlengingu á bráðabirgðaheimild – SKOTREYN

Umhverfis- og orkustofnun vísar til umsóknar Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis SKOTREYNAR, til Umhverfisstofnunar, dags. 3. desember 2024 þar sem sótt er um framlengingu á bráðabirgðaheimild, sbr. 6. mgr. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun veitti SKOTREYN bráðabirgðaheimild fyrir rekstri skotvallar á Álfsnesi, skv. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, dags. 5. september 2024 og og var henni markaður gildistími þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 5. janúar 2025.

Fram kemur í umsókn SKOTREYNAR að afgreiðsla starfsleyfisins hafi tafist hjá heilbrigðiseftirlitinu vegna stórra mál hjá embættinu. Fyrirséð sé að undanþágan mun renna út áður en nýtt leyfi hefur verið afgreitt. Með vísan til þess og framangreinds er þess góðfúslega farið á leit að bráðabirgðaheimildin verði framlengd.

Umhverfisstofnun aflaði umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna málsins, eftirlitið auglýsti tillögu að starfsleyfi fyrir SKOTREYN þann 13. desember 2024 á heimasíðu sinni, tillagan er í auglýsingu til 15. janúar.

Í 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að Umhverfis- og orkustofnun er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi sem heyrir undir lög þessi, að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni fyrir starfseminni. Umhverfis- og orkustofnun skal eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og annarra aðila eftir því sem við á. Heyri starfsemin undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er skilyrði að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum vegna starfseminnar eða niðurstaða um matsskyldu hennar.

Í 6. mgr. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að framlengja bráðabirgðaheimild um allt að eitt ár að uppfylltum skilyrðum 7. gr. a laganna.

Í ljósi framangreinds, umsagnar heilbrigðisnefndar, þess að fyrir liggur fullnægjandi starfsleyfisumsókn og í samræmi við 7. gr. a. lagan nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, áformar Umhverfis- og orkustofnun að framlengja bráðabirgðaheimild Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, til rekstrar skotvalla á Álfsnesi.

Umhverfis- og orkustofnun áformar að framlengja bráðabirgðaheimild SKOTREYNAR þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 5 janúar 2026.

Framlengd bráðabirgðaheimild verður bundin sömu skilyrðum og bráðabirgðaheimild dags. 5. september 2024¹ og vísast efnislega til hennar.

¹ [Bráðabirgðaheimild SKOTREYN 2024](#)